



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/39!
komudagur. 7.12.2001

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 6. desember 2001

Tilvísun: 2001110071

164

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Varðar umsögn um frumvarp til breytinga á alm.hgl. 127. löggj.þ. mál 185

Ríkislögreglustjóranum barst 9. nóvember sl. til umsagnar frumvarp að breytingum á 202. og 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, mál 185 á yfirstandandi þingi.

Yður tilkynnist að Ríkislögreglustjórinn gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta, en vill þó benda á að við breytingar þær sem lagðar eru til á 4. mgr. 210. gr. hgl. kunni að vera rétt að taka mið af 2. mgr. 9. gr. sáttmála Evrópuráðsins um brot á internetinu og í tölvum (Convention on Cyber-Cryme). Í 9. gr. sáttmálans eru gerð grein fyrir þeim lágmarks refsíákvæðum sem aðildarríkin undirgangast að setja inn í löggjöf sína varðandi barnaklám. Sáttmálinn sem var lagður fram til undirritunar í Bútapest í lok nóvember sl. hefur ekki verið fullgiltur af Íslands hálfu, en það er væntanlegt.

f.h. RLS


Helgi Magnús Gunnarsson lögl. fulltr.